

**Fundur fulltrúa Akureyrarbæjar með  
fjárlaganefnd 7. október 2015**

## Samantekt

### Nauðsynlegt er að breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga

Sveitarfélögin þurfa nauðsynlega auknar tekjur ef þau eiga að geta staðið undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að veita.

### Aflið verður að lifa!

Aflið veitir nauðsynlega þjónustu fyrir fórnarlömb ofbeldis og verður að fá stuðning ríkisins til að geta haldið áfram starfsemi sinni.

### Nýr dráttarbátur nauðsynlegur siglingaöryggi fyrir Norðurlandi

Brýn nauðsyn er að nýr dráttarbátur fyrir Hafnarsamlag Norðurlands bs. sé settur inn á fjárlög.

### Uppbygging millilandaflugs um Akureyrarflugvöll þjóðhagslega hagkvæm

Skorum á þingmenn að standa saman að því að tryggja fjármögnun tillagna um uppbyggingu millilandaflugs á Akureyri og Egilsstöðum.

### Menningarstofnanir á Akureyri ekki metnar að verðleikum

Ekki virðist vera gert ráð fyrir neinni hækkun á samningnum á sama tíma og rekstrargrundvöllur sambærilegra stofnanna í Reykjavík er styrktur.

### Tryggja þarf fjármagn í kaup kögunarbúnaðs fyrir Akureyrarflugvöll

Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til kaupa á kögunarbúnaði fyrir Akureyrarflugvöll og nauðsynlegt viðhaldsfé fyrir innanlandsflugvöllina er skorið niður.

### Ekki hægt að byggja upp atvinnulíf á Akureyri vegna skorts á raforku

Bregðast þarf mun hraðar við þessari stöðu og tryggja raforkuflutning inn á svæðið og þar með atvinnustarfsemi.

### Verkmenntaskólinn (VMA) fær alltof litla hækkun á milli ára

Hætta er á að skólanum hafi verið reiknað of lítið fé. Ekki er komið í ljós hversu miklu gæti skeikað en um gæti verið að ræða umtalsverða upphæð.

### Fjölga þarf hjúkrunarrýmum á Akureyri (ÖA)

Gera þarf nýjan langtímasamning á sviði velferðarþjónustu um þróun, nýsköpun, velferðartækni og innleiðingu nýrra aðferða.

### Háskólinn á Akureyri nýtur ekki sannmælis fyrir fjárveitingarvaldinu

Í heildina vantar 250-300 milljónir króna til að vel eigi að vera að rekstri HA staðið. Lágmark er að skólinn njóti sannmælis á við aðrar menntastofnanir.

### Akureyrarakademían svikin

Miðað við fjárlagafrumvarpið hefur ekki verið staðið við fyrirheit um hækkun á framlagi.

## Greinargerð

### Nauðsynlegt er að breikka og styrkja tekjustofna sveitarfélaga

Löngu tímabært er að endurskoða tekjustofningu milli ríkis og sveitarfélaga, einkum vegna aukins fjölda verkefna sem sveitarfélögin hafa tekið að sér síðustu árin og hafa ekki fengið nægjanlegt fjármagn með, auk þess sem öðrum verkefnum hefur fjölgað gríðarlega. Launakostnaður sveitarfélaganna hefur vaxið gríðarlega á síðasta ári og fer rekstrarafkoma þeirra því versnandi. Þar með minnkar framlegð og fjárfestingagetan minnkar. **Það er því augljóst að sveitarfélögin þurfa auknar tekjur.**

Þrjú fjórðu tekna íslenskra sveitarfélaga eru skatttekjur en svo hátt hlutfall er ekki að finna í öðrum ríkjum OECD og í engu ríki OECD er hlutur tilfærslna frá ríkinu jafn lítill og hér á landi. Mikilvægt er að tekjustofnar sveitarfélaga séu fjölþættir og sveigjanlegir og geri öllum sveitarfélögum kleift að sinna lögboðnum verkefnum með sambærilegum hætti. Því er mikilvægt að reglum um endurgreiðslu virðisauka verði breytt, reglum um greiðslu sveitarfélaga á fjármagnstekjuskatt verði breytt, felldar verði niður allar undanþágur frá álagningu fasteignaskatts, auk þess sem öll mannvirki verði metin til fasteignamats, og að sveitarfélögin fái aukna hlutdeild í skattstofnum ríkisins. Þannig ættu sveitarfélögin til að mynda að fá hlutdeild í almenna hluta tryggingagjaldsins, gjöldum af umferð, skattlagningu fyrirtækja, arðgreiðslum til eigenda fyrirtækja og tekjum af hagnýtingu auðlinda. **Þessu þarf að breyta sem allra fyrst ef sveitarfélögin eiga að geta staðið undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að veita.**

## Velferðarmál

### Aflið verður að lifa!

Aflið er athvarf fyrir alla sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og/eða heimilisofbeldi og aðstandendur þeirra s.s. maka, foreldra, systkini og vini sem óska eftir ráðgjöf og veitir sambærilega þjónustu og Stígamót og Kvennaathverfið veita á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknir hafa sýnt mikilvægi þess að þolendur geti leitað aðstoðar sem næst heimili sínu og er því mjög mikilvægt fyrir þolendur á Norðurlandi að starfsemi Aflsins haldi áfram.

Skjólstæðingum Aflsins hefur fjölgað ár frá ári á sama tíma og framlög til starfseminnar hafa verið skorin mikið niður. Hin mikilvæga starfsemi sem Aflið veitir er nú í uppnámi vegna fjárskorts og er því óskað eftir auknu framlagi frá ríkinu en það hefur numið 1.6 til 3 milljónum á ári. **Sem dæmi má nefna að þessi framlög nema 1-2% af framlögum til Stígamóta og Kvennaathvarfsins. Sjá mynd 1.**



Mynd 1 Framlög ríkisins til Aflsins, Stígamóta og Kvennaathvarfsins 2009-2016

Gera þarf nýjan langtímasamning á sviði velferðarþjónustunnar hjá Akureyrarbæ, um þróun, nýsköpun, velferðartækni og innleiðingu nýrra aðferða. Markmið slíks samnings er að byggja á hugmyndum „living lab“ og nýta og flytja út til annarra þjónustuaðila/sveitarfélaga þá reynslu sem hér verður til.

### Samningur um sjúkraflutninga laus á hverju ári

Samningur við heilbrigðisráðuneytið/Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga er laus á hverju ári og þarfnast endurnýjunar. Ljóst er að sjúkraflutningar og sjúkraflug hjá Slökkviliði Akureyrar eru verulegir og ná yfir meira en 90% að verkefnum liðsins á hverju ári.

Akureyrarbær er samt að greiða um 55% af heildarrekstrarkostnaði slökkviliðsins svo sjá má að lítil sanngirni er af hálfu ríkisins í þessum viðræðum. Erfitt er líka að reka slíka þjónustu á samningi til eins árs í senn og nauðsynlegt að hægt sé að semja til lengri tíma. Farið er fram á að samningsupphæð fyrir árið 2016 verði 140.3 m.kr. sem er eðlilegur framreikningur samningsupphæðar ársins 2012. **Þessi samningsfjárhæð ætti hins vegar að vera nærri 200 m.kr. að lágmarki væri allrar sanngirni gætt af hálfu Ríkisins.**

### Auka þarf framlög til Sjúkrahússins á Akureyri enn frekar

Í fjárlagafrumvarpi 2016 er komið til móts við þarfir Sjúkrahússins á Akureyri og íbúa svæðisins að hluta. Hins vegar er einungis er gerð tillaga um 35 mkr. til styrkingar almenns reksturs. Það er að mati stjórnenda sjúkrahússins **ekki nægjanlegt** til að mæta þeim verkefnum sem sjúkrahúsið er að sinna í dag. Vegur þar þungt að aldursamsetning íbúa svæðisins gerir sífellt meiri kröfur til þjónustu sjúkrahússins. Það endurspeglast m.a. í sívaxandi álagi á deildir sjúkrahússins.

**Viðbótarframlag til styrkingar rekstrargrunns að upphæð 110 m.kr. er því nauðsynlegt til að koma til móts við þennan vanda.**

*Sjá nánar í fylgiskjali.*

### Verulegur halli á rekstri þjónustu við fatlað fólk

Samningur Akureyrarbæjar og Velferðarráðuneytisins um þjónustu við fatlað fólk á Eyjafjarðarsvæðinu rann út 31. desember 2010 þegar málaflokkur fatlaðs fólks færðust frá ríki til sveitarfélaga. Endurskoðunarákvæði höfðu ekki virkað sem skyldi og óumflýjanlegur kostnaður vegna nýrra og mjög þungra mála hafa lent á Akureyrarbæ. **Alls vantar 18.5 milljónir uppá að fjárveitingar á samningstímanum hafi nægt til að mæta kostnaði við þjónustuna.** Þennan mismun þarf að gera upp.

Þar fyrir utan er vakin athygli á að frá því sveitarfélög tóku við þjónustu við fatlað fólk árið 2011 hefur málaflokkurinn verið rekin með halla. Árin 2011 – 2014 var halli Akureyrarbæjar samtals kr. 146.140.000.- og í ár er útlit fyrir um 144 milljón kr. halla. **Áætlun 2016 hljóðar upp á um 220 milljón kr. halla.** Samtals rúmlega 500 milljón krónur, þar af um 250 milljónir vegna öryggisvistunar sem er á ábyrgð ríkisins að fjármagna. Það er brýnt að við fjárhagslegt endurmat á yfirfærslunni verði bæjarfélaginu bættur þessi halli, auk þess sem tekjustofnar vegna þjónustunnar verði styrktir verulega.

### Skilyrða þarf fjárveitingar til SÁÁ um starfsemi út á landi

Á árinu 2009 var fyrst gerður samstarfssamningur á milli Akureyrarbæjar og SÁÁ og var greiðsla til SÁÁ skv. honum 1.5 m. kr. Í maí 2010 var síðan gerður samningur til tveggja ára en greiðsla til SÁÁ var samkvæmt honum 3.3 m. kr. á árinu 2010 en 5.4 m. kr. árið 2011. Árin 2012 og 2013 var gerður



**tryggja fjármögnun þeirra strax.** Nauðsynlegt er að ríkið komi að stuðningi við markaðsstarf hér eins og gert er t.a.m. fyrir Ísland allt árið, Matvælandið Ísland og Ráðstefnuborgina Reykjavík.

### Tryggja þarf fjármagn í kaup kögunarbúnaðs fyrir Akureyrarflugvöll auk viðhaldsfés fyrir innalandsflugvöllina

Í frumvarpi til fjárlaga 2016 er aukaframlag upp á 500 m.kr. til viðhalds innanlandsflugvalla skorið af, auk þess sem gerð er aðhaldskrafa upp á 16,5 m.kr. Að auki mun heildarframlag ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpinu ekki duga til reksturs flugvallanna og er mismunurinn þar á rúmar 80 m.kr. Samkvæmt minnisblaði ISAVIA þýðir þetta að hætta þarf við fjölmörg brýn viðhaldsdverkefni auk þess sem hækka þarf gjaldskrá notendagjalda á innalandsflugvöllum eða að loka flugvöllum í sparnaðarskyni. Þetta hefur gríðarleg áhrif á innanlandsflug og þar á meðal á Akureyrarflugvöll en sem dæmi má nefna er að ef ekki verður hægt að fara t.a.m. í rannsóknarverkefni vegna kögunarbúnaðar og kaupum á honum því frestað gæti það þýtt að skilyrði verði skert til sjúkraflugs og millilandaflugs um flugvöllinn. **Þá er ekki gert ráð fyrir fjármagni til kaupa á kögunarbúnaði fyrir flugvöllinn í drögum að samgönguáætlun 2015-2018 sem er algerlega óásættanlegt.**

*Sjá nánar í fylgiskjali.*

### Flughlað Akureyrarflugvallar

Væntingar hafa verið um að hægt verði að taka við efni úr Vaðlaheiðargöngum sem síðar nýttist við stækkun flughlaðs flugvallarins. **EKKI er fjármagn til þess miðað við upphæðir fjárlagafrumvarpsins.**

### Sjúkraflugið tryggt áfram á Akureyri

Sjúkraflug verður að öllum líkindum boðið út á næsta ári, en samningarnir við Mýflug renna út árið 2015.

**Óskað er eftir stuðningi við að miðstöð sjúkraflugs verði áfram á Akureyri.**

### Tryggja þarf reglulegar og öruggar ferjusiglingar

Samgöngur gegna lykilatriði í uppbyggingu og vexti byggðalaga og eru lífæð hvers byggðarlags. Því er mikilvægt að **tryggja reglulegar og öruggar ferjusiglingar á milli lands og Hríseyjar og Grímseyjar.** Koma þarf til móts við þarfir íbúana varðandi fjölda ferða. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2015 voru framlög vegna samninga við Hríseyjarferjuna Sævar og Grímseyjarferjuna Sæfara lækkaðir um 1 og 2 milljónir. Að auki var ekki gert ráð fyrir samningsbundnum verðlagsbótum. Þessi framlög eru ekki hækkuð í fjárlagafrumvarpi næsta árs og virðist því ekki gert ráð fyrir neinni aukinni ferjuþjónustu við eyjarnar.

Útboð á ferjusiglingum til Grímseyjar mun fara fram á þessu ári og á ferjusiglingum til Hríseyjar á næsta ári. **Mikilvægt er að gæta þess í þeim útboðum að koma til móts við þarfir íbúa og atvinnulífs varðandi fjölda ferða.**

### Stækkun flugstöðvar

Mjög brýnt er orðið að flugstöðin á Akureyrarflugvelli verði stækkuð. Það er nauðsynlegt vegna stöðugt aukinnar flugumferðar um völinn, bæði hvað varðar innanlands- og millilandaflug. Einnig gera stöðugt vaxandi flugverndarkröfur það nauðsynlegt að skilja algjörlega á milli innanlands- og millilandaferþega – en hingað til hefur slíkt aðeins verið hægt með því að skerða verulega þjónustu við innanlandsferþega, sem er engan veginn ásættanlegt til lengri tíma.

## Menningarhúsið Hof

Menningarhúsið Hof var vígt í lok ágúst árið 2010. Vinsældir hússins hafa orðið mun meiri en bjartsýnasta fólk gerði ráð fyrir. Akureyrarbær hefur upp á eigin spýtur fjármagnað rekstur hússins og er þar ólíku saman að jafna þegar litið er til Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Þar greiðir ríkið árlega með rekstrinum en á fjárlögum 2016 eru 708,1 m.kr. ætlaðar Hörpu.

Ríkið hefur að auki stóraukið framlög til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar sem þar eiga heimili. Þannig hafa framlög til ÍÓ hækkað úr 133,6 m.kr. árið 2011 í 180 m.kr. fyrir árið 2016 skv. fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi. Framlög til SÍ hafa hækkað úr 714,9 m.kr. árið 2011 í 1.098,1 m.kr. á árinu 2016. Rekstrarframlög ríkisins til Hofs eru og hafa verið 0. Engin ný framlög hafa komið frá ríki til Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands sem á heimili sitt í Hofi. Akureyrarbær hefur á sinn kostnað hækkað framlögin nokkuð.



Eins og áður hefur komið fram á framlag ríkisins til menningarsamningsins ekki að hækka neitt. Vera áfram **138,1 m.kr.** en á bak þá tölu er rekstur **Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands, Listasafnsins á Akureyri og Menningarhússins Hofs.**

Með því að halda úti vettvangi eins og Hofi sem býður upp á fyrirmyndar aðstæður til fjölbreytts menningarstarfs er Akureyrarbær að rækja skyldur sem ná langt út fyrir bæjarmörkin – enda er Hof menningarhús fyrir Norðurland allt og í vissum skilningi landið allt. **Því fráleitt að ríkið skuli ekki leggja hönd á plóg við rekstur þess með sama hætti og í Hörpu.**

## Sameining menningarstofnana

Sem kunnugt er hefur starfsemi þriggja Menningarhússins Hofs, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Leikfélags Akureyrar verið sameinuð undir merkjum Menningarfélags Akureyrar. Það hefur tekið að sér sameiginlega framkvæmdastjórn, bókhald, markaðssetningu, miðasölu og tækniþjónustu fyrir félögin þrjú. Megin markmiðið með þessari sameiningu er ná fram hagræðingu í rekstri og þannig láta stærri hluta fjármagnsins sem ætlaður er til málaflokksins renna til listsköpunarinnar sjálfra.

**Verkefnið er á vissan hátt forgönguverkefni;** ef vel tekst til er einboðið að nota þetta fyrirkomulag víðar um land til að nýta fjármuni í skapandi greinum betur. Gríðarleg vinna hefur verið lögð í undirbúning og Akureyrarbær lagði hinu nýja félagi til sérstakan styrk til að gera því kleift að ljúka þeim undirbúningi. Það er afar áriðandi að þessi samruni heppnist vel, en það er tómt mál að tala um ef ríkið dregur lappirnar bæði í framlögum til menningarsamningsins og skellir skollaeyrum við aðkomu að rekstri Hofs.

**Betur má ef duga skal.**

### Fjórir lestrarráðgjafar verði staðsettir utan höfuðborgarsvæðisins

Nú hefur mennta- og menningarmálaráðherra gefið út Hvítbók um umbætur í menntun. Litið er á þetta rit sem umræðugrundvöll um menntamál þjóðarinnar. Í ritinu eru sett fram fá en metnaðarfull markmið sem munu hafa áhrif á stefnumótun ríkis sem og sveitarfélaganna. Þessi markmið kalla á aðgerðir sem kosta tíma og fjármuni og því er mikilvægt að gera ráð fyrir fjármunum þegar þar að kemur að aðgerðir verði ákveðnar. **Eindregin ósk er að fjórir af þeim ráðgjöfum sem ráðnir verða til Menntamálastofnunar verði staðsettir utan höfuðborgarsvæðisins.** Miðað við dreifingu nemenda væri eðlilegt að 3-4 af þessum 10 lestrarráðgjöfum dreifist um landið þessi fimm ár sem átakið á að vera í gangi.

### Háskólinn á Akureyri nýtur ekki sannmælis fyrir fjárveitingarvaldinu

Háskólinn naut ekki sannmælis síðastliðið haust og það er ekki leiðrétt í þessum fjárlögum. Háskólinn á Akureyri hefur dregið meira saman en aðrar háskólastofnanir á síðustu árum og nú er svo komið að það vantar 20-30 stöðugildi til að unnt sé að sinna þjónustu við nemendur og styrkja við starfsemi skólans. **Í heildina vantar 250-300 milljónir króna** til að vel eigi að vera og af mörgu að taka. Lágmark er þó að skólinn njóti sannmælis á við aðrar stofnanir.

### Ljúka verður frumvarpi til laga um tónlistarfræðslu

Samkomulag um kostnaðarhlutdeild ríkisins vegna tónlistarfræðslu söngnemenda á miðstigi og framhaldsstigi og nemenda á framhaldsstigi á hljóðfæri hefur verið framlengt út þetta ár en framtíðin er óviss. **Mikilvægt að ljúka vinnu frumvarp til laga um tónlistarfræðslu, sem ætti að vera á þingmálaskrá ráðuneytisins á þessu þingi,** til þess að koma þessum málum á hreint til frambúðar. Þá þarf að þrýsta á endurskoðun námskrár fyrir tónlistarskóla í ljósi nýrra tíma og þróunar. Vert er að benda á að Tónlistarskólinn á Akureyri hefur á að skipa mikið af hæfu og vel menntuðu fagfólki sem getur komið að slíkri vinnu fyrir ráðuneytið.

# Hlíðarskóli

## Staðsetning og húsnæði Hlíðarskóla

Hlíðarskóli er staðsettur í Skjaldarvík í Hörgárbyggð við Eyjafjörð, u.þ.b. 5 km. norðan við Akureyri. Skólinn er að meginhluta til rekinn í tveimur húsum, en hefur auk þess aðgang að hluta húsnæðis í tveimur öðrum húsum sem teljast til ferðaþjónustu sem rekin er á sömu lóð. Hluti af því húsnæði sem tilheyrir skólanum er óinnréttað og mikilvægt að það verði tekið í notkun sem allra fyrst. Miklar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar í Hlíðarskóla og er búið að gera einn skóla úr þremur hlutum.

## Hlutverk Hlíðarskóla

Hlutverk Hlíðarskóla er að skapa sérhæft og hnitmiðað meðferðar- og sérkennsluúrræði fyrir nemendur Grunnskóla Akureyrarbæjar og nágrannasveitarfélaga og fjölskyldur þeirra þegar önnur úrræði á vegum skóla, sérfræðiþjónustu skóla og skóladeildar hafa verið reynd til þrautar og ekki skilað tilætluðum árangri. Nemendur við skólann eru nú að jafnaði um 20. Þróunin hefur verið sú að umsóknum fækkar um skólavist fyrir börn með aðlögunar- og hegðunarvanda, en hinsvegar er umsóknum að fjölga fyrir nemendur með þroskakerðingar og geðfatlanir samfara miklum hegðunarröskunum. Þessir nemendur þurfa miklu meiri og lengri aðstoð og nauðsynlegt er að mikil fjölskylduvinna fylgir með. Þá er einnig mikil vinna á hendi skólans um samvinnu við ýmis teymi sem tengjast barni hverju sinni. Hlíðarskóli veitir nemendum sambærilega þjónustu þeirri sem Brúarskóli veitir nemendum á höfuðborgarsvæðinu auk þess að vinna markvisst meðferðarstarf með öllum foreldrum skólans. Þar má líka benda á að oft njóta fleiri börn í fjölskyldunum góðs af fjölskylduvinnu Hlíðarskóla með beinum eða óbeinum hætti. Því verður að telja að Hlíðarskóli sinni að helmingi til meðferðarvinnu á þriðja stigi, sem á að vera á hendi ríkisins samkvæmt lögum. Áhersluþættir í starfseminni eru eftirfarandi:

- Meðferð** - Að vinna úr vanda nemenda sinna í samvinnu við foreldra/forráðamenn, heimaskóla og önnur úrræði eftir því sem við á þannig að þeir geti sem fyrst stundað aftur nám í almennum grunnskóla sér til gagns og ánægju.
- Nám** - Að endurskipuleggja nám og námsaðferðir nemenda sinna, auka ábyrgð þeirra á eigin námi og árangri þess og hjálpa þeim að finna gleðina af eigin velgengni með því m.a. að bjóða þeim að ráða nokkru um framvindu námsins og námsverkefnin.
- Foreldravinna** - Að veita foreldrum/forráðamönnum markvissa uppeldis- og foreldraráðgjöf.
- Ráðgjöf** - Að veita Grunnskólum Akureyrar og nágrannasveitarfélaga fræðslu og ráðgjöf um málefni markhóps skólans.



## Starfsfólk Hlíðarskóla

---

Í Hlíðarskóla eru samtals 11 stöðugildi sem skiptast þannig (er þó ekki alveg fullmannað þessum sérfræðingum sem stendur):

Staða	Stöðuhlutfall
Skólastjóri	1
Fjölskylduráðgjafi	1
Sálfræðingur	1
Þroskaþjálfari	2
Sérkennari	3
Uppeldisfulltrúi	3
<b>Stöðugildi samtals</b>	<b>11</b>

## Rekstrarkostnaður Hlíðarskóla

---

Heildarrekstrarkostnaður Hlíðarskóla fyrir árið 2015 eru rúmlega 94 milljónir króna og skiptist þannig:

Kostnaðarliður	Upphæð í millj.
Launakostnaður	72.589
Vörukaup	5.992
Þjónustukaup	13.151
Skólaakstur (u.þ.b.)	3.000
<b>Samtals</b>	<b>94.732</b>

Áætlaðar tekjur v/matsölu eru um ein milljón.

Húsnæðiskostnaður fellur undir þjónustukaup og er áætlaður 5.533 þús.kr. (húsaleiga FAK) og 672 þús.kr. (húsaleiga v/ íþróttastöðu í Þelamörk).

## Rekstraraðilar Hlíðarskóla – aðkoma ríkisins

---

Rekstur Hlíðarskóla er nú í höndum Akureyrarbæjar en skólinn hefur fengið framlag frá ríki sem nam árið 2014 14 milljónum króna. Mikilvægt er að tryggja aukna aðkomu ríkisins að rekstrinum m.t.t. sérstöðu hans.

Skólinn, hefur sex sinnum fengið framlag á fjárlögum. Rekstrarkostnaður skólans er áætlaður 94.732.000 kr. á næsta ári, þar af launakostnaður um 73.000.000 kr. Sanngjarnt væri að ríkið kæmi að helmingi kostnaðar miðað við þá þjónustu sem veitt er í skólanum. Það þýðir að ríkið legði til allt að 45.000.000 kr. til rekstursins, en undanfarin ára hefur verið veitt kr. 12.000.000,- á hverju ári.

Nefnt hefur verið í þessu sambandi að eðlilegast væri að gera sérstakan þjónustusamning um þennan rekstur og kostnaðarskiptingu milli Akureyrarbæjar og mennta- og menningarmálaráðuneytisins eða velferðarráðuneytisins fyrir hönd ríkisins. Akureyrarbær lýsir sig að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að fara í slíkar viðræður en óskar eftir fulltingi þingmanna í málinu.

### Lykilatriði

---

Hlíðarskóli er kominn til að vera. Það er einlægur vilji alls skólasamfélagsins í Eyjafirði að þjónusta hans sé til staðar. Þess vegna er nauðsynlegt að ljúka framkvæmdum við húsnæði og lóð skólans strax á árinu 2016, en skólinn hefur lengi þurft að bíða eftir úrbótum, bæði á húsnæði og skólalóð. Þá þarf að tryggja starfsemina með þeim sérfræðingum sem skólastjóri leggur til að séu við skólann til að veita þá þjónustu sem nauðsynleg er til framtíðar.

### Síðast en ekki síst:

Bráðnauðsynlegt er að samkomulag náist um aðkomu ríkisins að rekstri Hlíðarskóla til frambúðar svo sem að hér að ofan hefur verið nefnt. Þá er ljóst að starfsemin fellur í öllu undir þau drög um sérskóla sem nú eru til vinnslu í menntamálaráðuneytinu.



Hlíðarskólanemendur í heimsókn í sveit.

September 2015

Soffía Vagnsdóttir *fræðslustjóri*

## Um framlög til samstarfssamnings ráðuneytisins og Akureyrarbæjar í menningarmálum

Samningur Menntamálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar sem rennur út í árslok á þessu ári var lækkaður einhliða um 2 mkr. í fjárlögum ársins 2014, fór úr 140,1 mkr. í 138,1 á árinu 2015. Í þessum sama samningi er endurskoðunarákvæði sem átti að virkja í september 2014. Í því er kveðið á um að framlög til samningsins skuli endurskoða með hliðsjón af þróun framlaga til sambærilegra verkefna á höfuðborgarsvæðinu. Þarna er verið að vísa til framlags ríkis til Hörpu en jafnframt til þeirrar staðreyndar að ríkið verðbætir framlög til eigin stofnana en ekki til verkefna á Akureyri þó þau séu öll stofnanabundin.

**Rétt er að benda á það einnig að þáverandi menningarsamningur við Akureyrarbæ átti að hækka í 130 mkr. þegar á árinu 2009 en var þá einhliða skorin um 10 mkr. þannig að framlagið varð 120 mkr.**


Þrátt fyrir kröfur um endurskoðun núverandi samngins sem studdar voru skýrum rökum var honum í engu breytt. Til að bíta höfuðið af skömminni er nú í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2016 að finna þá köldu kveðju að að framlag ráðuneytisins til samstarfssamningsins verði óbreytt áfram eða 138 mkr..

Þessa tillögu ráðuneytisins er ekki hægt að skilja öðru vísi en svo að það sé með öllu áhugalaust um þróun atvinnustofnana í listum utan Reykjavíkur.

Eins og áður sagði þá eru í fjárlagafrumvarpinu verðbætur inn í framlögum til atvinnustarfsemi ríkisins á lista og menningarsviði á höfuðborgarsvæðinu. Það er megin reglan hjá ríkinu að jafnvel þó að hagræðingarkrafa sé sett á verkefni og stofnanir þá eru framlög verðbætt fyrst.

Þetta hefur ekki almennt ekki tíðkast í samningum um framlög til þriðja aðila. Það er óþeðlilegt gagnvart verkefnum sem innibera fastan kostnað eins og laun, rekstur húsnæðis, rekstur sérhæfðs búnaðar og annan rekstrarkostnað. Að þessu leyti er engin munur á rekstri Leikfélags Akureyrar eða Þjóðleikhúss, heldur ekki á Listasafni Íslands og Listasafninu á Akureyri eða Menningarhúsinu Hofi eða Ráðstefnu og tónlistarhúsinu Hörpu. Reyndin er hins vegar sú að ríkið verðbætir framlög til eigin stofnana en á Akureyri sitjum við eftir.

Samanburður á framlögum í raun og með vísitöluhækkunum




Á línuritinu hér að ofan má glöggst sjá hvernig framlög til menningarsamningsins hafa setið eftir. Sé raunframlagið upp á 120 mkr. hækkað m.v. vísitölu ætti það að standa í 150 mkr. á yfirstandandi ári. Sé reiknaður inn mismunurinn á raunframlaginu og vísitöluhækkun fyrir hvert ár 2009 – 2015 þá kemur í ljós að framlögin hefðu samtals átt að vera 64,7 mkr. hærra en þau voru.

Ef 130 mkr. framlag ársins 2009 hefði fengið að halda sér og það hækkað vísitöluhækkun til yfirstandandi árs væri samningfjárhæðin á þessu ári 162,8 mkr. Ef halli hvers árs er reiknaður með sama hætti og áður er ljóst að framlögin hefðu samtals átt að vera 144,8 mkr. hærri en þau voru í raun.

Þetta má betur sjá í meðfylgjandi töflu:

Dákur1	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Alls
Framlög í raun	120.000	120.000	120.000	120.000	140.000	138.000	138.000	
Framlög m.v. vísitöluhækkun	120.000	127.885	130.251	138.746	144.552	149.068	150.287	
Framlög m.v. 130 mkr. grunn og vísitöluhækkun	130.000	138.542	141.105	150.308	156.598	161.490	162.811	
Halli m.v. hvert ár og vísitölu		7.885	10.251	18.746	4.552	11.068	12.287	64.789
Halli m.v. 130 mkr. gólf og vísitöluhækkun	10.000	18.542	21.105	30.308	16.598	23.490	24.811	144.854

Á næstu mynd má svo sjá fjárveitingar ríkisins til Listasafns Íslands, Hörpu, Þjóðleikhúss, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og menningarsamnings við Akureyri, samkvæmt fjárlögum fyrir árin 2011-2016:



Á grundvelli gagnanna hér að ofan má ljóst vera að þróun framlaga til samstarfssamnings menntamálaráðuneytisins og Akureyrarbæjar um menningarstarf á Akureyri er með öllu óásættanleg.



## Minnisblað

**Til:** Þingmanna Norðausturkjördæmis  
**Frá:** Framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri  
**Dags.:** September 2015  
**Efni:** Þættir sem þarfnast skoðunar og útheimta frekari fjárveitingar vegna ársins 2016

Í fjárlagafrumvarpi 2016 er komið til móts við þarfir Sjúkrahússins á Akureyri og íbúa svæðisins að hluta. Það sem veldur okkur áhyggjum er að einungis er gerð tillaga um 35 mkr. til styrkingar almenns reksturs. Það er að okkar mati ekki nægjanlegt til að mæta þeim verkefnum sem sjúkrahúsið er að sinna í dag. Vegur þar þungt að aldurs samsetning íbúa svæðisins gerir sífellt meiri kröfur til þjónustu sjúkrahússins. Það endurspeglast m.a. í sívaxandi álagi á deildir sjúkrahússins.

**Hér að neðan eru atriði sem mjög brýnt er að vinna áfram til að geta veitt íbúum á þjónustusvæði Sjúkrahússins á Akureyri nauðsynlega þjónustu á heimaslóð og taka þarf tillit til við gerð fjárlaga ársins 2016.**

- **Apótek og lyfjapjónusta**  
Skv. úttekt lyfjastofnunar er margt sem kallar á lagfæringu í aðstöðu og starfsemi sjúkrahúsapóteks og er hafin vegferð endurbóta húsnæðis og hugbúnaðar. Sjúkrahúsið leggur áherslu á að auka öryggi sjúklinga með klínískri lyfjafræði og lyfjaforskömmun.
- **Stöður lækna**  
Nauðsynlegt er að fjölga námsstöðum unglækna um fjórar. Þetta tengist m.a. mönnunarstefnu í lækningum til framtíðar, að tryggð sé nægileg mönnun á álagsdeildum og að starfsþjálfun unglækna verði innihaldsrík og góð. Sérstakt áttak er í gangi varðandi mönnun á stöðum sérfræðilækna sem er og verður kostnaðarsamt en er lykilatriði í starfsemi til framtíðar.
- **Aukin þjónusta á dag- og göngudeildum**  
Dag- og göngudeildarþjónusta er skilvirk leið til rannsókna, meðferðar og eftirfylgdar sjúklinga með sjúkdóma sem ekki krefjast rúmlegu eða mikillar umönnunar svo sem lyfjameðferð krabbameinssjúkra. Þessi þjónusta hefur farið vaxandi undanfarin ár með tilheyrandi kostnaði auk þess er stefnt að aukningu á geðsviði til að leysa úr brýnni þörf.
- **Aukin aðsókn í bráðamóttöku**  
Veruleg aukning hefur orðið á aðsókn í þjónustu bráðamóttöku undanfarin ár. Því verður að mæta með viðbót í mönnun hjúkrunarfræðinga og lækna.

**Viðbótarframlag til styrkingar rekstragrunns að upphæð 110 mkr er því nauðsynlegt til að koma til móts við þennan vanda.**

Afrit: bæjarstjórinn á Akureyri og formaður Eypings.

# MINNISBLAÐ

## FJÁRLÖG 2016 – REKSTUR INNANLANDSFLUGVALLA

DAGSETNING 23/9/2015  
Guðný Unnur  
HÖFUNDUR Jökulsdóttir

YFIRLESID EÁ/HH

### TILGANGUR

Rekstur og viðhald innanlandsflugvalla 2016-2018 og fjárlagafrumvarp 2016.

Vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 2016 er nauðsynlegt að greina áætluð áhrif þess á rekstur og viðhald innanlandsflugvalla, þ.e. ef frumvarpið verður óbreytt að lögum. Heildarframlag ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpinu til flugvalla og flugleiðsöguþjónustu verður 1.515,8 m.kr.

Árið 2015 var framlag ríkisins sem hér segir:

Rekstur innanlandsflugvalla, þjónusta við ríkisflug og handbók flugmanna	1.532,3 m.kr.
<u>Viðhalds- og stofnframkvæmdir á innanlandsflugvöllum</u>	<u>500,0 m.kr.</u>
Samtals framlag ríkisins 2015	2.032,3 m.kr.

Niðurskurður að nafnvirði er því 516,5 m.kr. eða 25,4%. Sé miðað við verðbólguþá Seðlabankans um 4,3% verðbólgu árið 2016 er niðurskurðurinn 603,9 m.kr. eða 29,7% að raunvirði.

Orðrétt stendur í fjárlagafrumvarpinu í skýringartexta fyrir fjárlagalið 06-672 flugvellir og flugleiðsöguþjónusta:

*Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 516,5 m.kr. að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar er gert ráð fyrir að niður falli 500 m.kr. tímabundið framlag til viðhalds flugvalla á landsbyggðinni. Hins vegar er lögð til 16,5 m.kr. lækkun útgjalda til að mæta aðhaldsmarkmiðum í frumvarpinu.*


### REKSTUR

Árið 2015 leggur ríkið 1.532,3 m.kr. til reksturs innanlandsflugvalla, þjónustu við ríkisflug á öllum flugvöllum landsins og útgáfu á handbók flugmanna. Sé miðað við verðbólguþá Seðlabankans mun óbreyttur rekstur flugvallanna þurfa að lágmarki 1.598,2 m.kr. árið 2016. Því mun heildarframlag ríkisins samkvæmt fjárlagafrumvarpinu, 1.515,8 m.kr., ekki duga til reksturs flugvallanna og er mismunurinn rúmar 80 m.kr. Að óbreyttu þarf því að hækka gjaldskrá notendagjalda á innanlandsflugvöllum sem því nemur eða að loka flugvöllum í sparnaðarskyni.

### VIÐHALD 2016

Uppsöfnuð viðhaldspörf flugvalla er umtalsverð. Ef ekki væri fyrir þessa uppsöfnuðu viðhaldspörf væri meðaltals árleg viðhaldspörf um 600 m.kr. Eftirfarandi eru fjárheimildir til nýframkvæmda og viðhalds innanlandsflugvalla síðustu ár:

2010	323,1 m.kr.
2011	287,0 m.kr.
2012	382,0 m.kr.
2013	300,0 m.kr.
2014	149,0 m.kr.
2015	500,0 m.kr.



Reglulega er ástand mannvirkja og búnaðar metið með tilliti til öryggis í notkun þeirra og er forgangsöröðun viðhalds endurmetin í takt við niðurstöður slíks ástandsmats. Vegna uppsafnaðarar viðhaldsþarfar eru þær

viðhaldsframkvæmdir sem Isavia hefur lagt til að farið yrði í á næsta ári allar afar brýnar og stuðla að því að ekki sé farið yfir öryggismörk flugvallamannvirkja og –búnaðar. Einsýnt er að taka verður búnað og mannvirki úr notkun á flugvöllum þar sem þau eru að nálgast öryggismörk. Við það mun í einhverjum tilfellum þurfa að loka flugvöllum og skerða þjónustu á öðrum verulega og jafnvel þarf að hætta áætlunarflugi á þá. Isavia hefur ítrekað bent á afleiðingar endurtekens niðurskurðar og varað við afleiðingum hans.

Isavia hefur áheyrnarfulltrúa í Samgönguráði og hefur við gerð Samgönguáætlunar komið með tillögur að viðhaldsframkvæmdum sem eru hvað brýnastar. Fjárhagsrammi Samgönguáætlunar er þó þrengri en æskilegt er og því hefur þurft að forgangsraða viðhaldsframkvæmdum og þá er ætíð öryggistengdum viðhaldsverkefnum á áætlunarflugvöllum raðað fremst. Drög að fjögurra ára Samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018 var kynnt á Alþingi 29. maí sl. ekki náðist að afgreiða Samgönguáætlunina á því þingi en hún verður aftur tekin fyrir á Alþingi í haust. Í þeirri Samgönguáætlun er gert ráð fyrir (á verðlagi 2015) að 653 m.kr. sé varið til viðhalds- og stofnframkvæmda 2016, 720 m.kr. árið 2017 og 786 m.kr. árið 2018. Ef fjárlagafrumvarpið verður óbreytt að lögum er ljóst að ekkert fjármagn verður til viðhalds- og stofnframkvæmda 2016. Isavia hefur einnig áhyggjur af fjármagni til viðhalds- og stofnframkvæmda næstu ár á eftir ef fjárlög þeirra ára verða í takt við fjárlagafrumvarpið 2016.

### Brýnustu viðhaldsverkefni ársins 2016 sem myndu falla niður eru þessi:

Húsavík, yfirborðsviðhald flugbrautar: Nauðsynlegt er að farið verði í reglubundið yfirborðsviðhald flugbrautarinnar árið 2016. Yfirborðsviðhaldi flugbrautarinnar á Húsavíkflugvelli var frestað árið 2014 og 2015 vegna fjárskorts en mikilvægt er að því verði ekki frestað lengur svo ástand brautarinnar versni ekki fram yfir öryggismörk. Talið er að ástand flugbrautarinnar verði komið að öryggismörkum sumarið 2016. Eins og gefur að skilja er flugbrautum lokað fari ástand þeirra fram yfir öryggismörk.

Húsavík og Hornafiörður, rafkerfi og ljósabúnaður: Hluti rafkerfis og ljósabúnaðar flugvallanna er orðinn mjög gamall og því ljóst að ekki verður hægt að halda honum í notkun mikið lengur. Ástandið er þó verra á Húsavíkflugvelli en á Hornafjarðarflugvelli og nokkuð víst að ekki verður hægt að halda búnaðinum í notkun á Húsavíkflugvelli lengur en til sumarsins 2016. Sé búnaðurinn kominn að öryggismörkum verður slökkt á honum en það felur í sér að eingöngu verður hægt að fljúga á flugvellina í björtu og góðu skyggni. Þar sem til hefur staðið að endurnýja rafkerfi og ljósabúnað Húsavíkflugvallar 2016 er búið að kaupa ljósabúnaðinn en miðað við fjárlagafrumvarpið verður ekki til fjármagn til nauðsynlegrar jarðvinnu, kaupa á öðrum rafbúnaði og annarri uppsetningarvinnu.

Stóri Kroppur, Borgarfjörður Evstri, Breiðdalsvík, Reykhólar, Skógarsandur, yfirborðsviðhald flugbrauta: Á þessum lendingarstöðum sem notaðir eru í einka-, æfinga- og kennsluflugi er ástand flugbrautanna orðið slíkt að mjög líklega verður komið að öryggismörkum flugbrautanna á næsta ári. Flugbrautunum verður lokað fari ástand þeirra yfir öryggismörk. Rétt er að geta þess að flugvöllurinn á Stóra Kroppi í Borgarfirði er mikilvægur hlekkur í þjónustu við einka-, æfinga- og kennsluflug á landinu og ef til lokunar hans kemur mun álag á Reykjavíkflugvöll aukast.

Ísafjörður, Bíldudalur, Gjögur, Grímsey, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafiörður, Hornafiörður, Vestmannaeyjar, veðurbúnaður: Rekstraröryggi veðurkerfa er á mörgum þessara flugvalla orðið ábótavant og mjög erfitt er orðið að viðhalda þeim. Einnig hefur Samgöngustofa gert athugasemdir (frávik) á nokkrum þessara flugvalla við vöntun á búnaði til mælinga á daggarmarki. Í Grímsey er brýn vöntun á veðurbúnaði sem mælir skyggni og skýjahæð.

Reykjavík, Akureyri, Egilsstaðir, Grímsey, Þórshöfn, Vestmannaeyjar, flugbrautarljós og rafdreifikerfi: Samgöngustofa hefur gert athugasemdir (frávik) við skiptitíma raforkukerfis yfir á varaafli á stærri flugvöllum ef halda á uppi núverandi þjónustustigi og því er brýnt að gera lagfæringar á því. Á öðrum flugvöllum eru reglar (straumgjafar) fyrir brautarljós orðnir gamlir og erfitt getur reynst að lagfæra búnaðinn ef til bilunar kemur þar sem ekki fást nýir varahlutir í hann.

Ónefnd hér að ofan eru ýmis viðhaldsverkefni á flugvöllum sem ekki hafa áætlunarflug, viðhaldsverkefni bygginga ríkisins á flugvöllum og öll nýframkvæmdaverkefni.



## VIÐHALD 2017-2018

Eins og áður segir er ástand mannvirkja og búnaðar reglulega metið með tilliti til öryggis í notkun þeirra og er forgangsroðun viðhalds endurmetin í takt við niðurstöður slíks ástandsmats. Viðhaldsáætlanir eru þannig í sífelldri endurskoðun. Sé horft til árána 2017 og 2018 þarf að fara í eftirfarandi viðhaldsverkefni, að öðrum kosti þarf að grípa til þjónustuskerðinga á flugvöllum:

Akurevri, yfirborðsviðhald núverandi flughlaðs: Í viðhaldsáætlunum var gert ráð fyrir að byrjað yrði á lagfæringum á núverandi flughlaði árið 2016 en ástand flughlaðsins er metið slíkt að ekki sé hægt að fresta viðhaldi þess lengur en til ársins 2017.

Þórshöfn, yfirborðsviðhald flugbrautar: Í viðhaldsáætlunum var gert ráð fyrir lagfæringum á flugbrautinni árið 2016 en ástand hennar er metið slíkt að ekki sé hægt að fresta viðhaldi brautarinnar lengur en til ársins 2017.

Reykjavík, Akurevri og Egilsstaðir, flugleiðsögubúnaður og ljósabúnaður: Viðhaldsáætlanir gera ráð fyrir endurnýjun hluta af flugleiðsögubúnaðar og ljósabúnaðar flugvallanna á árunum 2017 og 2018.

Egilsstaðir, yfirborðsviðhald flugbrautar: Viðhaldsáætlanir gera ráð fyrir meiriháttar viðhaldi flugbrautarinnar árið 2018.

Vestmannaeyjar, yfirborðsviðhald flugbrautar og flughlaðs: Viðhaldsáætlanir gera ráð fyrir viðhaldi flughlaðs 2017 og flugbrautar 2018.

Grímsey, ljósabúnaður og rafkerfi: Viðhaldsáætlanir gera ráð fyrir viðhaldi ljósabúnaðar og rafkerfis árið 2018.

Sandskeið, Blönduós, Mývatn, Búðardalur, Diúpivogur, Kópasker, Stykkishólmur, Hólmavík, Fagurhólmsmýri, Raufarhöfn, viðhald flugbrauta: Gera má ráð fyrir að ástand þessara flugbrauta krefjist umtalsverðs viðhalds á árunum 2017 og 2018.

## NÝFRAMKVÆMDIR

Meðal nýframkvæmdaverkefna sem ekki yrði hægt að fara í:

Húsavík, flugleiðsögubúnaður: Núverandi flugleiðsögubúnaður flugvallarins setur hömlur á notkun flugvallarins í slæmu skyggni. Væntingar hafa verið um að hægt yrði að kaupa búnað sem bætir nákvæmnisaðflug flugvallarins (LLZ/DME) enda er slíkt aðflug orðið knýjandi í ljósi vaxandi flugumferðar um flugvöllinn. Ekki verður af því ef fjárlagafrumvarpið verður að lögum í óbreyttri mynd.

Akurevri, rannsóknarverkefni vegna kögunarbúnaðar: Komið er að endurnýjun ratsjár Akureyrarflugvallar en slík endurnýjun kostar um 1.000 m.kr. Ekki er búist við að núverandi ratsjá endist lengur en til ársins 2017. Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) gæti einnig krafist þess að ratsjain yrði tekin úr notkun þar sem hún uppfyllir ekki núverandi kröfur stofnunarinnar. Verið er að leita ódýrari kosta við kögunarþjónustu fyrir Akureyrarflugvöll og í því skyni þarf að fara í rannsóknir á kögunarmöguleikum árið 2016. Án kögunarbúnaðar eru skilyrði skert til sjúkraflugs og millilandaflugs um flugvöllinn. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til kaupa á kögunarbúnaði fyrir flugvöllinn í drögum að samgönguáætlun 2015-2018.

Akurevri, stækkun flughlaðs: Væntingar hafa verið um að hægt verði að taka við efni úr Vaðlaheiðargöngum sem síðar nýttist við stækkun flughlaðs flugvallarins. Ekki er fjármagn til þess miðað við upphæðir fjárlagafrumvarpsins.

Norðfjörður, klæðing flugbrautar: Vandkvæði hafa verið með notkun flugbrautarinnar hluta af árinu vegna frost og þýðu áhrifa. Klæðing flugbrautarinnar myndi auka notkunarmöguleika flugvallarins töluvert. Vegna mikilvægi



flugvallarins fyrir sjúkraflug hefur Fjarðabyggð boðist til að greiða um helming kostnaðar við að klæða flugbrautina. Ekki er fjármagn til að greiða hinn helminginn miðað við upphæðir fjárlagafrumvarpsins.

## **SAMANTEKT**

Miðað við það fjármagn sem renna á til flugvalla og flugleiðsöguþjónustu á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verður ekki mögulegt að halda Húsavíkurflugvelli opnum. Loka þyrfti einnig lendingarstöðunum á Stóra Kroppi, Borgarfirði eystri, Breiðdalsvík, Skógasandi og Reykhólum. Fylgst yrði náið með ástandi rafkerfis og brautarljósa á Hornafirði og slökkt á búnaðinum ef hann nálgast öryggismörk og yrði þá eingöngu hægt að fljúga á flugvöllinn í björtu og góðu skyggni. Veðurkerfum, rafkerfum og ljósabúnaði nokkurra annarra flugvalla er ábótavant og gæti þurft að skerða þjónustu tengda þeim búnaði ef til bilunar kemur. Ef Húsavíkurflugvöllur lokast vegna viðhaldsskorts þarf ekki rekstrarfé af fjárlögum til hans og gæti þá sparast rekstrarfé sem því nemur. Það fjármagn sem upp á vantar til reksturs flugvalla þyrfti þá að fá með gjaldskrárhækkunum notendagjalda. Næstu ár þar á eftir, ef viðhaldsfjármagn verður áfram ekkert, myndi þjónusta skerðast enn frekar á fleiri flugvöllum og væntanlega myndu fleiri áætlunarflugvellir lokast.

Akureyri, 16. september 2015

## Til fjárlaganefndar

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir 2016 er einungis gert ráð fyrir 2,3 milljóna króna framlagi til AkureyrarAkademíunnar (AkAk). Við undirbúning fjárlaga 2016 og í tillögugerð mennta- og menningarmálaráðuneytisins (MRN) var, skv. upplýsingum frá ráðuneytinu í febrúar 2015, lagt til að fjárveitingin f. árið 2016 yrði 8 m.kr. Þessi mikla lækkun frá tillögugerðinni kemur AkAk í opna skjöldu og kemur í veg fyrir að AkAk geti efnt þau markmið stofnunarinnar sem sett voru fram í nýlegum samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Það hallar verulega á AkAk í fjárveitingum ríkisins og stofnunin óskar eftir leiðréttingu.

Í kjölfar stofnunar AkureyrarAkademíunnar ses 2014 var gengið frá samningi síðastliðið vor milli MRN og AkAk. Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, fyrirrennari AkAk, var stofnað árið 2006. Síðan þá hefur fjölmargt fræðafólk á Norðurlandi nýtt sér vinnuaðstöðu Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna og AkAk, til lengri og skemmri tíma, og félagar verið um 50-60 talsins. Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi stóð auk þess fyrir ýmsum uppákomum, svo sem fyrirlestrum og ráðstefnum. Hin nýja stofnun AkAk hefur haldið starfinu áfram og vonir standa til þess að efla starfsemina enn frekar. AkAk gegnir mikilvægu hlutverki í fræðasamfélagi á Norðurlandi, býr yfir miklum mannaúði og hefur vilja til að efla og styrkja sjálfstæðar rannsóknir á landsbyggðinni og miðlun þeirra um land allt. Auk þess undirritaði AkAk 2014 samstarfssamning við Háskólann á Akureyri.

Frá upphafi hefur félagið þurft að berjast fyrir fjármagni til rekstursins og hefur auk þess verið í húsnæðisvanda nokkur undanfarin ár. Nú leigir stofnunin Árholt, húsnæði í eigu Akureyrarbæjar. Öll vinnupláss eru nýtt í húsinu, en alls hafa þar 14 manns vinnuaðstöðu (sjálfstætt starfandi fræðimenn, doktorsnemar og meistaranemar). Við gerð samningsins við MRN, sem gildir frá 2015 til 2017, var gengið út frá því að AkAk fengi áður nefndar 8 m.kr. á ári næstu tvö ár, auk rúmlega 4 m.kr. framlags árið 2015. Engar tölur eru þó nefndar í samningnum, skv. tilmælum Ríkisendurskoðunar.

Í undirbúningi hefur verið ráðstefna í samvinnu við HA, fyrirlestrarröð, bókakynningar, opnun gagnasafns um rannsóknir á Norðurlandi og stór rannsókarverkefni – svo eitthvað sé nefnt. Einnig hefur verið unnið að gerð nýrrar heimasíðu fyrir AkAk. Samkvæmt samningi við MRN er gert ráð fyrir að ráða verkefnastjóra í hlutastarf til að sinna daglegum rekstri, yfirstandandi verkefnum, afla styrkja og efla tengsl AkAk við fagfélög, menningar- og fræðastofnanir á svæðinu og um land allt.

Þess má geta að Reykjarvíkurakademían fær 18,9 m.kr. árlegan styrk til ársins 2019, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Undanfarin 10 ár hefur AkAk fengið á bilinu 500.000 kr. til 2,5 m.kr. styrk frá ríkinu meðan Reykjarvíkurakademían hefur fengið á bilinu 10-19 m.kr. styrk á ári. Árlegt framlag til AkAk hefur því lækkað meðan framlag til Reykjarvíkurakademíunnar hefur hækkað. Rekstrargrundvöllur þessara tveggja stofnana er því gjörólíkur, en AkureyrarAkademían telur eðlilegt að framlög til AkAk þróist í takt við framlög til Reykjarvíkurakademíunnar, og annarra þekkingarsetra víða um land.

Við viljum koma óánægju okkar á framfæri við fjárlaganefnd og vonumst til að hægt sé að leiðrétta þessa mismunun sem við höfum orðið fyrir. Við óskum jafnframt eftir fundi með fjárlaganefnd til að kynna sjónarmið okkar betur.

Bestu kveðjur,

Stjórn AkureyrarAkademíunnar ses,

Valgerður S. Bjarnadóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Jakob Þór Kristjánsson.






*í 75 ár!*

# SVEITARSTJÓRNARMÁL

2. TBL. 75. ÁRGANGUR 2015



***Hækkandi hlutfall eldra fólks  
– Auðlind eða vandi?***

***Durfum að auka framlegðina***

***Lífið mun byggjast  
á sjávarútvegi og fiskeldi***





„Eins og hér á landi er hækkandi hlutfall eldra fólks til umræðu meðal Evrópuþjóða en á talsvert öðrum nótum en við Íslendingar eigum að venjast.“

## Öldrunarmál

# Auðlind eða vandi?

**Haldór S. Guðmundsson**, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar og **Helga G. Erlingsdóttir**, hjúkrunarforstjóri Öldrunarheimila Akureyrar, **skrifa.**



Frá árinu 1998 hefur íbúum 67 ára og eldri á Akureyri fjölgað um 672. Á sama tíma hefur hjúkrunar- og dvalarýmum á Akureyri fækkað úr 205 í 185 og skilgreindum rýmum fyrir aldraða á sjúkrahúsi fækkað úr 33 í 7. Myndin er tekin á Dvalarheimilinu Hlið á Akureyri. Mynd: BB.

öðrum þjóðum, eru vísbendingar um að einstaklingum sem þurfi að flytja á hjúkrunarheimili, muni ekki fjölga sérstaklega. Það er vegna þess að nýir hópar eldra fólks búa að betra heilsufari, heilbrigðisþjónustu, efna- hagn, menntun og félagslegri stöðu, þeir ferðast meira og neyta menningartilboða í meiri mæli en fyrri kynslóðir. Við bætist svo framþróun nútímataekni sem einnig leiðir til breyttra þarfa og nýrra möguleika.


Verði raunin sú að hagir og heilsa eldra fólks verði önnur en undangenginna kynslóða, má ljóst vera að þjónusta við eldra fólk þarf að taka mið af því með einstaklingsmiðaðri þjónustu og fjölbreytilegum úrræðum.

### „Akureyrarmódelið“ til eftirbreytni

Akureyrarkaupstaður hefur frá árinu 1996 lagt metnað í að samhæfa velferðarþjónustu við íbúa sína með samningum um rekstur einstakra þjónustubátta, t.d. með reynslu-

Á næstu árum og áratugum vex hlutfall eldra fólks í heildarmannfjöldanum á Íslandi. Breytingar eru að byrja í yngri aldurshópum eldra fólks og frá 2025 kemur svo breyting í aldurshópnum 80 ára og eldri (sjá mynd 1 og töflu 1). Þessi framtíðarmynd mannfjöldaspá Hagstofu Íslands, hefur leitt til orðræðu og umræðu um að framundan sé „bylgja eða vandamál“ sem íslenskt samfélag þurfi að takast á við. Helst ber á umræðu um að nánast eina lausnin sé að byggja fleiri hjúkrunarrými og leysa þjónustubarfir eldra fólks með steinsteyptum aðgerðum. Fari svo, er það ekki í samræmi við reynslu annarra Evrópuþjóða, þar með talið hinna Norðurlandanna, sem við horfum helst til þegar kemur að þróun samfélagslegrar þjónustu.

eru á margan hátt frábrugðnir þeim kynslóðum eldra fólks sem hingað til hafa nýtt sér velferðar- eða öldrunarþjónustu. Eins og hjá



Mynd 1. Mannfjöldaspá eftir aldurshópum, 2013-2030 (Hagstofa Íslands, 2014).

	2011	2015	2020	2025	2030	2035	2040	2045	2050	2055	2060
Ísl. 60 ára og eldri	28.940	32.120	32.720	33.280	33.250	33.020	32.620	32.020	31.220	30.220	29.220
Ísl. 80 ára og eldri	11.040	12.140	12.540	14.120	15.220	16.020	16.720	17.220	17.520	17.720	17.820
Hlutf. 60 ára og eldri	18,3%	18,0%	18,0%	18,3%	18,4%	18,2%	18,0%	17,8%	17,6%	17,4%	17,2%
Hlutf. 80 ára og eldri	10,7%	10,8%	10,9%	11,2%	11,5%	11,6%	11,7%	11,8%	11,8%	11,8%	11,8%

Tafla 1. Mannfjöldaspá 60 ára og eldri, 2013-2060 (Hagstofa Íslands, 2014).

### Frábrugðnir fyrri kynslóðum eldra fólks

Þegar lítið er til aldurshópanna sem á næstunni ná lífeyrisaldri blasir við að þeir hópar



„Að þessu sögðu, má gera ráð fyrir að samfélagslegur ávinningur Akureyrarmódelisins sé að lágmarki um 700-790 milljónir króna á hverju ári.“

## Öldrunarmál



„Verði raunin sú að hagir og heilsa eldra fólks verði önnur en undangenginna kynslóða, má ljóst vera að þjónusta við eldra fólk þarf að taka mið af því með einstaklingsmiðaðri þjónustu og fjölbreytilegum úrræðum,“ segja þau Halldór og Helga m.a. í grein sinni. Myndin er tekin á dvalarheimilinu Hlið á Akureyri. Mynd: BB.

sveitarfélagaverkefni. Þessi áhersla hefur birst í málefnum eldra fólks með samþættingu og samstarfi heilsugæslu, félagsþjónustu og öldrunarheimila.

Almennt má segja að hið svokallaða „Akureyrarmódel“, sem byggir á samvinnu, samþættingu eða sameiningu í heilðræna þjónustukeðju og úrræðum sem taka mið af þörfum einstaklings, sé til eftirbreytni þar sem það hefur skilað þjónustustigi og samfélagslegum útgjöldum sem virðast sambærileg eða jafnvel hagstæðari en þar sem minni samþætting er.

### Samfélagslegur ávinningur um 800 milljónir á ári!

Frá árinu 1998 hefur íbúum 67 ára og eldri á Akureyri fjölgað um 672 og af þeim hefur 80 ára og eldri fjölgað um 286 manns. Sé stuðst við eldri viðmið um að 25% (nú 17%) þeirra sem eru 80 ára og eldri þurfi dvöl á hjúkrunarheimili, þýðir það að um 70 manns ættu að vera á hjúkrunarheimili til viðbótar þeim rýmum sem voru fyrir. Það hefur ekki gerst, því hjúkrunar- og dvalarrýmum á Akureyri hefur fækkað úr 205 í 185. Að auki hefur skilgreindum rýmum fyrir aldraða á sjúkrahúsi fækkað úr 33 í 7 síðan 1999 og hjúkrunarrými eru nú einnig ætluð yngra fólki.

Samhliða þessum breytingum hefur verið lögð áhersla á samþætta þjónustu, dagþjónustu og hvíldarinnlagnir og á þann hátt unnið að stefnumiði laga frá 1982 um „að aldraðir skuli búa heima eins lengi og kostur er, en eiga kost á stofnanþjónustu þegar þess gerist þörf.“

Að þessu sögðu, má gera ráð fyrir að samfélagslegur ávinningur „Akureyrarmódelisins“ sé að lágmarki um 700-790 milljónir króna á hverju ári. Til viðbótar mætti svo reikna aukin lífsgæði einstaklinga og fjölskyldna og hagræði þess að þjónustunni er stýrt og hún veitt í nærsamfélaginu.

### Samfélagsleg tækifæri

Stefnumið stjórnvalda um að færa málefni aldraðra til sveitarfélaga mun væntanlega ekki hafa mikil áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu við eldra fólk á Akureyri. Því má hins vegar velta fyrir sér hvers vegna undirbúningur að yfirfærslu málaflöksins höktir á fyrirstöðum sem tæpast geta verið stærrí en sá samfélagslegi ávinningur sem gæti náðst fram, því samhliða fjölgun eldra fólks er kostnaðarauki og mannaflaskortur sem liggur í óbreyttu þjónustumynstri.

Samfélagsleg tækifæri liggja í samþættri og fjölbreyttri einstaklingsmiðari þjónustu með áherslu á nýsköpun og tækni. Þau tækifæri verða sýnilegri og auðleystari þegar nærsamfélagið annast og samhæfir þjónustuna að þörfum einstaklinga.

Í þessu samhengi er ekki síður áhugavert að líta til nýlegra strauma og stefnumiða af erlendum vettvangi, þar sem nýsköpun og framþróun í velferðartækni er að eiga sér stað í þjónustu við eldra fólk. Hinar Norðurlandþjóðirnar hafa tekið skýra forystu á síðustu 6-8 árum á þessu sviði. Á sama tíma vekur það athygli að umræða og umbóta-starf á sviði velferðartækni er tæpast komin á dagskrá á Íslandi.

### Umræða á öðrum nótum

Eins og hér á landi er hækkanði hlutfall eldra fólks til umræðu meðal Evrópuþjóða en á talsvert öðrum nótum en við Íslendingar eigum að venjast. Þar snýst umræðan um tækifærin og nýsköpun á mörgum sviðum samfélagsins, vegna þeirra auðlinda sem liggja í hinu svokallaða nýja hagkerfi silfursins. Aðrar þjóðir hafa á undan okkur þurft að bregðast við fjölgun eldra fólks og af viðhorfum og reynslu þeirra getum við lært.





## Stækkandi hópur aldraðra


Í þessari samantekt eru stuttlega reifaðar nokkrar af niðurstöðum úr mannfjöldaspá Hagstofu Íslands sem kom út í júlí 2010 og er að finna á heimasíðu Hagstofunnar.

Íslenska þjóðin er að eldast og hlutfall aldraðra af heildarmannfjölda fer hækkandi. Þróunin hér á landi hefur verið seinni á ferð en í flestum öðrum OECD-ríkjum á síðustu áratugum. Fyrirsjáanleg er mikil fjölgun í hópnum 60 ára og eldri sem til að byrja með er mest í aldurshópnum 60-70 ára, eins og sjá má nánar í mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (2010).

Árið 2005 var fjöldi 60 ára og eldri á landinu 15,7% mannfjöldans og orðinn 17,2% árið 2011. Áætlað er að þetta hlutfall verði um 19% árið 2015, um 23% árið 2025 og um 28% árið 2060 eins og nánar sést í töflu 1. Fjölgunin í hópnum er því veruleg og aukningin kemur líka fram í hlutfalli þeirra sem eru 80 ára og eldri af mannfjöldanum. Aukningin í þeim aldurshópi er aðeins seinni á ferð eins og eðlilegt er vegna hækkandi aldurs (sjá mynd 1). Þeir sem eru 80 ára og eldri eru um 3,4% núna og verða 3,7% árið 2015 og fer hlutfallið síðan hækkandi eftir 2025.

Tafla 1. Heildarfjöldi 60 ára, hlutfall hópsins og 80 ára og eldri af íbúafjölda landsins á tímabilinu 2005-2060.

Mynd 1. Fjölgun á landinu öllu eftir aldurshópum frá 2005 til 2025.



Þó svo mannfjöldaspár Hagstofu Íslands geri ráð fyrir mismunandi niðurstöðum eftir forsendum þá er breytileiki í niðurstöðum líka tengdur yngri aldurshópnum, en ekki aðeins efsta hluta aldursþíramíðans (sjá mynd 1). Reyndar er aldursþíramíðinn frekar kassalaga og helst að grennast neðst um leið og lögunin breikkar

	2005	2011	2015	2020	2025	2030	2040	2050	2060
Alls 60 ára og eldri	46.213	54.883	61.784	72.264	82.792	91.582	106.071	117.107	125.818
Hlutfall 60 ára og eldri	15,7%	17,2%	19,0%	21,2%	23,2%	24,6%	26,6%	27,9%	28,8%
Hlutfall 80 ára og eldri	3,1%	3,4%	3,7%	3,7%	4,1%	5,0%	7,0%	7,9%	8,2%

(Heimild: Hagstofa Íslands, 2010)

[www.baendaferdir.is](http://www.baendaferdir.is)


2011

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR



að ofan. Þessi breyting hefur þau áhrif að svokallað framfærsluhlutfall breytist, en það er um 20 (á hverja 100 vinnufæra) en verður um 40-49 í lok spátímabilsins 2060.


Samhliða þessum breytingum á mannfjölda er reiknað með hækkandi meðalaldri, en á síðustu árum reiknaðist hann 83 ár fyrir konur, en um 80 ár fyrir karla. Reiknað er með að í kringum 2060 verði meðalaldur orðinn 87 ár hjá konum og 85 ár hjá körlum.



Heimild: Hagstofa Íslands. (2010). Spá um mannfjölda 2010-2060. *Hagtíðindi*, 2010:3 (bls. 5).

Í Reykjavík má reikna með fjölgun í aldurshópnum 60 ára og eldri líkt og áætlað er á landinu öllu. Á árinu 2005 voru 60 ára og eldri í Reykjavík 27.610 manns og 34.222 árið 2011. Sé tekið mið af mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og núverandi hlutfalli (37%) Reykvíkinga af hópi 60 ára og eldri, má ætla að Reykvíkingar sem verða 60 ára og eldri verði um 30 þúsund árið 2025, um 40 þúsund árið 2030 og um 46 þúsund um 2060 (sjá mynd 2). Í Reykjavík hefur hlutfall 80 ára og eldri verið nokkru hærra en á landinu í heild. Þannig er það 4% í Reykjavík en 3,4% þegar reiknað er út frá landinu í heild árið 2011.

Mynd 2. Fjöldi 60 ára og eldri í Reykjavík á tímabilinu 2005-2060.



Fjölgun í hópi eldra fólks hefur áhrif á eftirspurn, uppbyggingu og forgangsröðun í velferðarþjónustunni. Á síðustu árum hefur lítil-

lega fækkað fjölda vinnustunda í heimilisþjónustu á hverju heimili aldraðra í Reykjavík, úr 158 í 140 klst. að meðaltali á ári. Þessi fækkun virðist minni í Reykjavík en hjá öðrum sveitarfélögum almennt (Hagstofa Íslands, 2011b). Á sama tíma hafa átt sér stað breytingar á annarri þjónustu, t.d. hefur dagvistunarrýmum fjölgað og ýmis félagsstarfsemi byggst upp, s.s. starfsemi félaga eldri borgara sem og að almennt heilsufar eldra fólks og félags- og heilbrigðisþjónusta hefur breyst.

Halldór S. Guðmundsson,  
lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

#### Heimildir:

Hagstofa Íslands. (2010). Spá um mannfjölda 2010-2060. *Hagtíðindi*, 2010:3 (bls. 5). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. (2011b). *Félagsleg heimajónusta sveitarfélaga eftir tegund heimila 2000-2009*. Sótt 14. mars 2011 af <http://hagstofa.is/Hagtalur/Heilbrigdis,-felags-og-domsma/felagsthjonusta-sveitarfelaga>.

Hagstofa Íslands. (2011a). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2011- Sveitarfélagaskipan hvers árs. Sótt 14. mars 2011 af <http://hagstofa.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>.